

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Skorradalshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps er heimilt, í samræmi við 5. gr. samþykktar nr. 632/2000 um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Skorradalshreppi, að leggja á sérstakt gjald vegna sorphreinsunar og eyðingar sorps í Skorradalshreppi.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

Sorpgjald A	Lögbýli með búskap	33.000 kr.
Sorpgjald B	Tjaldsvæði og önnur atvinnustarfsemi	33.000 kr.
Sorpgjald C	Lögbýli án búskapar	28.000 kr.
Sorpgjald D	Frístundahús, fullgerð og í byggingu samkvæmt Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	16.500 kr.
Sorpgjald E	Íbúðarhús	28.000 kr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skorradalshrepps með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1007/2021 um sorpeyðingu í Skorradalshreppi.

Samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps 15. mars 2023.

Skorradal, 18. mars 2023.

Jón Eiríkur Einarsson oddviti.

B-deild – Útgáfudagur: 11. apríl 2023